

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um verkefni á sviði kynningarmála.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða verkefni á sviði kynningarmála hefur ríkisstjórnin, svo og einstök ráðuneyti, látið utanaðkomandi aðila vinna fyrir sig á árinu 2010? Hver er heildarkostnaðurinn við þá vinnu? Hvaða fyrirtæki hafa unnið þau verk og hverjar hafa verið greiðslur til hvers kynningarfyrirtækis fyrir sig?*

Því er til að svara að fjármálaráðuneytið óskaði eftir umræddum upplýsingum frá hverju ráðuneyti fyrir sig. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytunum nam heildarkostnaður verkefna á sviði kynningarmála rúmum 84 millj. kr. Í meðfylglandi töflu eru upplýsingar um verkefni sem um ræðir, kostnað við þau og greiðslur til hvers kynningarfyrirtækis fyrir sig. Ekki var leitað til utanaðkomandi aðila í tengslum við kynningarmál á síðasta ári hjá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Kostnaður fjármálaráðuneytisins vegur langþvingst af kostnaði ráðuneytanna til kynningarmála eða nálægt 75%. Stærstur hluti þess kostnaðar stafar af þjónustu erlendra aðila við kynningarmál, bættá ímynd landsins og fjölmiðlavöktun í tengslum við endurreisn efnahags- og fjármálakerfisins á Íslandi.

## Verkefni á sviði kynningarmála á vegum ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðuneyta, 2010.

Nánari lýsing á verkefni	Verksali	Kostnaður
<b>Forsætisráðuneyti</b>		
Kynning á efnahagsmálum	Data Marknet ehf.	192.600
Sóknaráætlun fyrir alla landshluta	J & L ehf.	237.800
Sóknaráætlun fyrir alla landshluta	Ratsjá ehf.	852.604
Sóknaráætlun fyrir alla landshluta	Árvakur hf.	42.737
Sjóðurinn Gjöf Jóns Sigurðssonar	365 miðlar ehf.	48.216
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	Útgáfufélagið Guðrún ehf.	131.775
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	ABS media ehf.	657.190
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	ABS media ehf.	144.394
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	ABS media ehf.	693.680
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	Íslenska auglýsingastofan ehf.	100.000
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	ABS media ehf.	354.767
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	2B hönnunarstofa	153.000
Hátíðahöld og viðburðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 2011	2B hönnunarstofa	216.750
		<b>3.825.513</b>
<b>Mennta- og menningarmálaráðuneytið</b>		
Bókamessa í Frankfurt 2011	Atli Hilmarsson ehf.	11.295
Bókamessa í Frankfurt 2011	Fítón ehf.	2.282.135
Bókamessa í Frankfurt 2011	Míðstræti ehf.	112.950
Bókamessa í Frankfurt 2011	Projekt2508 GmbH., Þýskalandi	1.808.066
Bókamessa í Frankfurt 2011	V on Hagen Design	4.278.561
Aðalskrifstofa MRN	P & Ó ehf.	10.040
Aðalskrifstofa MRN	Ath. prentun og sýningarkerfi ehf.	45.554
		<b>8.548.601</b>
<b>Utanríkisráðuneyti</b>		
Ráðgjöf	KOM	301.194
Ráðgjöf	Góð samskipti	300.949
		<b>602.143</b>

	Nánari lýsing á verkefni	Verksali	Kostnaður
<b>Dóms- og mannréttindaráðuneytið</b>			
Kosningar	Vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave og kosninga til stjórnlagaþings	Athgli hf.	<b>4.300.000</b>
<b>Félags- og tryggingamálaráðuneytið</b>			
Kynning á úrræðum fyrir fólk í greiðsluvanda	Verkefni unnið með bönkunum vegna fólks í greiðsluferffótleikum	H:N markaðssamskipti ehf.	508.300
Vegna skuldamála heimilanna	Kynning og fundaherferð ráðherra vegna skuldamála heimilanna	Teitur Þorkelsson	1.540.000
Vegna fyrirtæstra í þágu heimilanna	Gerð skýringamynda og uppsetning vegna fyrirtæstra í þágu heimilanna	Sírnr Hallgrímur Einarsson	755.968
			<b>2.804.268</b>
<b>Heilbrigðisráðuneytið</b>			
Upplýsingarmiðlun	Ýmis upplýsingarmál ráðuneytisins og samskipti við fjölmiðla	Athgli ehf.	<b>776.180</b>
<b>Fjármálaráðuneytið</b>			
Allir vinna	Kynning á áttaki til atvinnusköpunar	Hvíta húsið ehf.	16.196.777
Allir vinna	Kynning á átaki til atvinnusköpunar	GH1	508.275
Allir vinna	Kynning á átaki til atvinnusköpunar	ABS - fjölmiðlahús	200.300
Allir vinna	Kynning á átaki til atvinnusköpunar	Vikurfretur ehf.	144.575
Allir vinna	Kynning á átaki til atvinnusköpunar	Verkefnissjóri	1.700.000
Allir vinna	Kynning á átaki til atvinnusköpunar	Aðrir aðilar	256.415
Allir vinna	Þátttaka SA, ASÍ og SI	Kostnaðarþátttaka annarra	-6.562.474
Icesave og endurreisn fjármálakerfisins	Fjölmiðlavöktun, ráðgjöf í almannatengslum o.fl.	FD-Financial Dynamics Limited	27.239.665
Fjármálastofnanir	Fjölmiðlavöktun, ráðgjöf í almannatengslum o.fl.	FD-Financial Dynamics Limited	5.752.131
Fjármálastofnanir (Holland)	Fjölmiðlavöktun og ráðgjöf í almannatengslum	UTR-Huijskens	13.723.520
Fjármálastofnanir (Holland)	Ráðgjafakostnaður og vinna við útveggun funda	UTR-Sovereign	1.117.760
Fjármálastofnanir (Holland)	Fjölmiðlavöktun, ráðgjöf í almannatengslum o.fl.	UTR-Ogilvy Puplic relations	1.689.009
Fjármálastofnanir (Holland)	Ráðgjöf í almannatengslum	UTR-Kynning og markaður	719.510
			<b>62.685.463</b>
<b>Umhverfisráðuneytið</b>			
Heimasíða ráðherra	Uppsetning heimasíðu	Eskill	167.200
Samgönguvika	Vefsíðugerð vegna samgönguviku	Tólf sf.	398.406
			<b>565.606</b>
<b>Heildarkostnaður</b>			<b>84.107.774</b>